

# Málþing um launamun kynjanna

Haldið 28. febrúar 2002

Sumarið 2001 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem hafa skyldi það hlutverk að halda málþing um launamun kynjanna. Um var að ræða samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, Jafnréttisstofu, Jafnréttisráðs og Vinnumálastofnunar.

Nefndin vann hratt og örugglega að sínu verkefni og hélt málþing um launamun kynjanna í Borgartúni 6, fimmtudaginn 28. febrúar sl. Nefndarmenn voru sammála um að reyna að nálgast verkefnið frá nýjum hliðum og jafnframt að hafa ákveðna breidd á efni fyrirlestranna sem fluttir yrðu.

Fyrsti fyrirlesarinn var Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir og kom hún frá Baugi hf. Hún fjallaði um þær vinnuáferðir sem Baugur hefur viðhaft við gerð jafnréttisáætlunar fyrirtækisins, en þau stefna að því að ljúka gerð hennar sumarið 2002. Ljóst er að önnur fyrirtæki geta nýtt sér þá þekkingu sem Baugsmenn hafa öðlast við gerð áætlunarinnar.

Kjartan Ólafsson frá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri fjallaði um könnun sem gerð var um launamun kynjanna, þar sem línur voru dregnar milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Af niðurstöðunum má ráða að best er fyrir konur að taka sér þá stöðu að vera barnlausar og ógiftar í Reykjavík, vilji viðkomandi hafa góð laun. Það sem einnig var áhugavert er

að munur var á ógiftum körlum og giftum körlum, þeir giftu voru greinilega betur settir á vinnumarkaði, launalega séð.

Fræðslustjóri Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Alda Sigurðardóttir, fjallaði m.a. um sjálfstraust og sjálfsstyrk. Í máli hennar kom fram að það starf sem unnið er í baráttunni við launamun kynjanna á hinum ýmsum sviðum er að skila sér hægt og sigandi. Launamunur hefur minnkað meira á undanförunum árum eftir að farið var að vinna markvisst að því að eyða þessum mun.

Valgerður Magnúsdóttir starfsmaður Fjölskylduráðs fjallaði um stöðu karla og kvenna í átökum fjölskyldulífs og atvinnulífs. Ný lög um fæðingarorlof eru tvímælaust góð viðbót við aðra þætti sem nauðsynlegir eru til að stuðla að hugarfarsbreytingu varðandi stöðu kvenna og karla innan veggja heimilisins og í atvinnulífinu.

Að endingu tók Svali H. Björgvinsson ræðgjafi hjá Price-waterhouseCoopers ehf. til máls og fjallaði um starfsmat. Um er að ræða greiningartæki sem notað er til að meta það hvort störf séu sambærileg, sem hlýtur að teljast nauðsynlegt þegar kemur að því að ákveða launagreiðslur. Málþingið sóttu um áttatíu þátttakendur og tókst það í alla staði mjög vel.



## Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998

Félagsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998 og er stefnt að því að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi þingi.

Meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja að ákvæði laganna sem varða undirbúning og framkvæmd kosninga verði í samræmi við ákvæði nýrra laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, eftir því sem við á. Einnig er lögð til sú breyting á núgildandi lögum að allir erlendir ríkisborgarar fái kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar.

Frumvarpið hefur að geyma eftirfarandi nymæli:

Allir erlendir ríkisborgarar, aðrir en danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld fyrir kjördag, skulu njóta kosningarréttar og kjörgengis við sveitar

stjórnarkosningar. Danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar skulu áfram hljóta þennan rétt eftir að hafa átt lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld.

Frumvarpið felur í sér eftirfarandi breytingar á gildandi lögum: Eins og áður sagði er hér verið að tryggja að undirbúningur og framkvæmd kosninga verði með sama hætti og við alþingiskosningar. Með því á að vera tryggt að kjörstjórnir og aðrir sem að kosningunum starfa starfi eins við sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar, m.a. varðandi talningu atkvæða, gerð kjörseðils, meðferð utankjörfundaratkvæða o.fl. Í þessu skyni er um eftirfarandi breytingar að ræða:

· Kveðið er á um að yfirkjörstjórn í hverju sveitarfélagi skuli auglýsa með nægum fyrirvara fyrir kosningar hvar hún veitir viðtöku framboðslistum og hvar hún dvelst

meðan kosning fer fram (4. gr.).

· Fallið er frá kröfu um að framboðslistum þurfi að fylgja skrifleg yfirlýsing tíu kjósenda um stuðning við listann, í sveitarfélögum með 100 íbúa eða færri (b-liður 5. gr.).

· Kveðið er skýrt á um að meðmælendum er aðeins heimilt að mæla með einum framboðslista og að ekki er unnt að afturkalla stuðningsyfirlýsingu eftir að framboðslisti hefur verið afhentur yfirkjörstjórn (6. gr. og d-liður 5. gr.).

· Gerð er krafa um að lágmarksþyngd pappirs sem kjörseðill er prentaður á skuli vera 125 g/m<sup>2</sup> (7. gr.).

· Mælt er fyrir um að festa skuli upp á áberandi stað í kjörfundarstofu tilkynningu yfirkjörstjórnar um framboðslista í sveitarfélaginu, þegar um bundna hlutfallskosningu er að ræða (8. gr.).

· Mælt er fyrir um meðferð kjörstjórnar á utankjörfundar

## Fækkun sveitarfélaga á kjörtímabilinu

Undanfarin tvö ár hefur verið mikið um tilraunir til sameiningar sveitarfélaga víða um land. Þegar þetta er skrifað eiga enn eftir að fara fram sameiningarkosningar á þremur stöðum á landinu og því er enn ekki ljóst hver verður endanlegur fjöldi sveitarfélaga sem kosið verður í við næstu sveitarstjórnarkosningar. Engu að síður er ljóst að um verulega fækkun sveitarfélaga verður að ræða. Hér að neðan er samantekt yfir þær sameiningar sem þegar hafa átt sér stað á kjörtímabilinu (í sviga er heildarfjöldi sveitarfélaga eftir hverja sameiningu):

· Hinn 1. janúar 2001 tók gildi sameining Glæsibæjarhrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps, í umdæmi sýslumannsins á Akureyri. Hið sameinaða sveitarfélag hlaut nafnið Hörgarbyggð (122).

· Hinn 4. apríl 2001 var samþykkt í atkvæðagreiðslu sameining Engihlíðarhrepps og Blönduósþéttbýlis, í umdæmi sýslumannsins á Blönduósi (121).

· Hinn 3. nóvember 2001 var samþykkt í atkvæðagreiðslu sameining Bárðdalshrepps, Hálsahrepps, Ljósavatnshrepps og Reykdalshrepps, í umdæmi sýslumannsins á Húsavík (118).

· Hinn 17. nóvember 2001 var samþykkt í atkvæðagreiðslu sameining Austur-Eyjafjallahrepps,

Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps og Hvolhrepps, í umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli (113).

· Hinn 28. desember 2001 staðfesti ráðherra tillögu nefndar, sem skipuð var skv. 89. gr. sveitarstjórnarlaga, um sameiningu Vindhælishrepps og Skagahrepps, í umdæmi sýslumannsins á Blönduósi (112).

· Hinn 19. janúar 2002 var samþykkt í atkvæðagreiðslu sameining Grúpsverjahrepps og Skeiðahrepps, í umdæmi sýslumannsins á Selfossi (111).

· Hinn 17. nóvember 2001 fór fram atkvæðagreiðsla um sameiningu Biskupstungnahrepps,

Grímsnes- og Grafningshrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps, í umdæmi sýslumannsins á Selfossi. Tillaga um sameiningu var felld í Grímsnes- og Grafningshreppi en samþykkt í hinum þremur sveitarfélögum. Sveitarstjórnir Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps hafa nú ákveðið að sameina sveitarfélögin þrjú í eitt sveitarfélag, með vísan til heimildar í 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998 (109).

· Hinn 9. mars var samþykkt í atkvæðagreiðslu sameining Reykjahrepps og Húsavíkurkaupstaðar, í umdæmi sýslumannsins á Húsavík (108).

Þar sem annað er ekki tekið sérstaklega fram munu ofangreindar sameiningar taka gildi 9. júní 2002, en kosið verður til nýrrar sveitarstjórnar í hinum sameinuðu sveitarfélögum við almennar sveitarstjórnarkosningar sem fara fram 25. maí 2002.

Með ofangreindum sameiningum hefur sveitarfélögum fækkað úr 124 í 108. Sú tala getur enn lækkað þar sem sveitarstjórnir Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps munu ákveða á næstunni hvort þau munu sameinast, þrátt fyrir að tillaga um sameiningu hafi verið felld í fjórða sveitarfélaginu, Ásahreppi.

Jafnframt er að störfum nefnd, skipuð skv. 89. gr. sveitarstjórnarlaga, sem ætlað er að finna lausn á málefnum Kirkjubólshrepps, en hreppurinn uppfyllir ekki lágmarksíbúatölu skv. 6. gr. sveitarstjórnarlaga. Er nú líkur á því að hreppurinn verði sameinaður Hólmavíkurhreppi og að sameiningin taki gildi 9. júní 2002.

Nái síðastnefndu hugmyndirnar fram að ganga munu sveitarfélög á Íslandi aðeins verða 105 í upphafi næsta kjörtímabils og hefur þá fækkað um 19 á aðeins tveimur árum.

Nánari upplýsingar um sameiningar sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosninga á kosningar2002.is

## Vinnuvernd á Íslandi, leiðbeiningar fyrir erlenda starfsmenn

Erlendum starfsmönnum á Íslandi hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Ljóst er að tungumálaerfiðleikar valda því að margir þeirra þekkja ekki rétt sinn eða skyldur varðandi vinnuvernd. Hugtakið vinnuvernd er einnig framandi fyrir marga þeirra því að sumir hinna erlendu starfsmanna koma frá löndum þar sem vinnuvernd er lítt þróuð. Staðreyndin er sú að hlutfallslega slasast fleiri útlendingar við störf sín en Íslendingar. Þörfin var því mikil á að gefa út leiðbeiningar um vinnuvernd fyrir erlenda starfsmenn.

### Sjö tungumál auk íslensku

Til að ákveða á hvaða tungumálum skyldi gefa leiðbeiningarnar út var aflað upplýsinga um fjölda erlendra starfsmanna hér á landi af mismunandi þjóðernum. Leitað var ráðgjafa til Útlendingaeftirlitsins, Vinnumálastofnunar, Hagstofu Íslands og Alþjóðahúss (áður Miðstöð nýbúa) við val á tungumálum. Niðurstaðan varð sú að eftirfarandi tungumál urðu fyrir valinu:

\* enska (en gert er ráð fyrir að flestir Norðurlandabúar geti lesið hana sér til gagns, svo og margir aðrir Evrópubúar auk Breta, Kanadamanna og Bandaríkjamanna)

\* pólska

\* rússneska

\* serbó-króatíska

\* spænska (Suður-Ameríkumenn (nema Brasilíumenn) lesa spænsku auk Spánverja)

\* tælenska

\* víetnamska

Að sjálfsgöðu eru erlendir starfsmenn á Íslandi af fleiri þjóðernum en hér er upp talið en hóparnir eru það fámenningar að útgáfa á viðkomandi tungumálum verður af kostnaðarástæðum að biða betri tíma. Stærsti hópur erlendra starfsmanna er frá Póllandi og sker fjöldi þeirra sig úr miðað við aðra hóp.

### Efni bæklingisins

Eins og gefur að skilja er ekki hægt í einu litlu hefti að gefa tæmandi upplýsingar um öll ákvæði laga, reglna og reglugerða sem gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á hinum fjölmörgu mismunandi vinnustöðum. Því var valin sú leið að greina frá þeim þáttum vinnuverndar sem snerta flesta vinnustaði og skírskota því til breiðs hóps starfsmanna. Sem dæmi má nefna ábyrgð og skyldur atvinnurekenda, verkstjóra og starfsmanna, tilkynningu vinnuslysa, innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum, öryggisbúnað véla, hávaðavarnir á vinnustöðum, húsnæði vinnustaða, vinnu-umhverfi þungaðra kvenna, að handleika byrðar, skjávinnu, félagslega áhættuþætti o.m.fl.

Útgáfa þessi mun vonandi auka þekkingu erlendra starfsmanna á réttindum þeirra og skyldum varðandi vinnuvernd og bæta þar með vinnuáðstæður þeirra.

Bæklinginn er hægt að nálgast hjá Vinnueftirliti ríkisins.

# Helstu niðurstöður könnunar um daggæslu barna í heimahúsum

Könnun gerð 10. og 11. desember 2001

Dagana 10. og 11. desember sl. lét félagsmálaráðuneytið gera könnun á aðstæðum dagmæðra í landinu. Ákveðið var að gera könnunina í sveitarfélögum með 1000 íbúa eða fleiri. Tilfni könnunarinnar var fyrst og fremst að afla upplýsinga um fjölda barna hjá einstökum dagmæðrum og hvort farið færi eftir reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 198/1992 hvað það varðar. Enn fremur voru önnur atriði í tengslum við framkvæmd reglugerðarinnar könnuð, einkum þó hvort skilyrði um leyfisveitingar til daggæslu barna í heimahúsum væru uppfyllt.

Í öllum sveitarfélögum nema tveimur reyndist unnt að fara inn á öll heimili starfandi dagmæðra, þ.e. í

Reykjavík og Kópavogi, og var þar tekið úrtak. Farið var inn á heimili dagmæðranna, spurningalistar lagðir fyrir og fylltir út af umsjónaraðilum sveitarfélaga með starfsemi dagmæðra. Spurt var um öll börn í gæslu hjá viðkomandi dagmóður og eigin börn yngri en 6 ára, um aldur barnanna og daglegan dvalartíma. Samtímis voru öll börnin talin sem voru í gæslu meðan á heimsókn stóð.

Hér birtast einungis upplýsingar úr hluta niðurstaðnanna, en innan skamms mun ráðuneytið gefa út heildarniðurstöður könnunarinnar. Nánari upplýsingar um könnunina er að finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytis (felagsmalaraduneyti.is).

## Fjöldi of margra barna í daggæslu

· Alls eru 216 börn of mörg í daggæslu á einhverjum tíma dagsins miðað við reglugerð eða 9% af heildarfjölda í gæslu.

## Fjöldi dagmæðra með of mörg börn

· Alls eru 149 dagmæður sem hafa á einhverjum tíma dagsins of mörg börn í gæslu, eða 34% dagmæðra.

## Skilyrði leyfisveitinga

· 89% dagmæðra hafa slysatryggingu, þar af 96% þeirra sem starfa á höfuðborgarsvæðinu.

· 76% dagmæðra hafa lokið námskeiði fyrir dagmæður, hlutfallslega flestar á höfuðborgarsvæðinu eða 89%, en færstar á Austurlandi eða 29%.



· Langflestar dagmæður hafa skilað inn sakavottorði eða 91%, hlutfallslega flestar af höfuðborgarsvæðinu eða 98% þeirra, en einungis 71% á Austurlandi.

· Skoðun eldvarnaeftirlits liggur fyrir á heimilum 66% dagmæðra. Þar af

eru hlutfallslega flestar á Reykjanesi sem hafa fengið skoðun eða 88% þeirra. Á höfuðborgarsvæðinu sem er fjölmennasta svæðið hafa 59% dagmæðranna skoðun eldvarnaeftirlits.

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall dagmæðra í landshlutum, ein eða tvær dagmæður á heimili

Landshluti	Ein dagmóðir		Tvær dagmæður		Samtals	
Vesturland/Vestfirðir	9	53%	8	47%	17	4%
Norðurl. vestra og eystra	33	89%	4	11%	37	8%
Austurland	7	100%	0		7	1%
Suðurland	18	82%	4	18%	22	5%
Reykjanes	21	84%	4	16%	25	5%
Höfuðborgarsvæðið	116*	73%	44*	27%	160*	60%
	273*	77%	80**	23%	353**	77%
Samtals	204*	76%	64*	24%	268*	100%
	361**	78%	100**	22%	461**	100%

\* Í úrtaki

\*\* Raunfjöldi

Tafla 2.

Fjöldi barna í daggæslu og hlutfall þeirra af heildarfjölda barna á aldrinum 0-5 ára í sveitarfélögum er tóku þátt í könnuninni

Landshluti	Fj. barna hjá dagmæðrum	Fj. barna í sveitarfélögum**	Hlutfall
Vesturland/Vestfirðir	72	1,112	6,5%
Norðurl. vestra og eystra	169	2,549	6,6%
Austurland	19	743	2,6%
Suðurland	120	1,287	9,3%
Reykjanes	137	1,516	9,0%
Höfuðborgarsvæðið	1,834*	15,751	11,6%
Samtals	2,351	22,958	10,3%

\* Áætlaður fjöldi út frá úrtaki

\*\* Árbók sveitarfélaga 2001

## Fjárhagsaðstoð í velferðarsamfélagi

Vel sótt málþing - Horft 10 ár til baka

Nú um þessar mundir eru rúmlega 10 ár liðin frá því gildandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga tóku gildi. Þetta voru fyrstu lög um félagsþjónustu sveitarfélaga hér á landi og tóku við af framfærslulögum frá 1947. Með þessari lagasetningu var stigið tímamótaskref í þjónustu við íbúa sveitarfélaga þar sem kveðið var á um margþætta þjónustu.

Þann 1. febrúar sl. var haldið málþing undir heitinu Fjárhagsaðstoð í velferðarsamfélagi. Að málþinginu stóðu félagsmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, félagsráðgjöf í Háskóla Íslands og Samtök félagsmálastjóra á Íslandi. Markmið málþingsins var að fá fram ítarlega umræðu um stöðu og þróun þessarar þjónustu hér á landi og skoða sérstaklega ólíkar aðstæður sveitarfélaganna.

Málþingið sóttu hátt í 200 manns og komu þátttakendur víða að. Það hófst með ávarpi félagsmálaráðherra Páls Péturssonar sem m.a. vakti athygli á að í félagsþjónustu felst ekki einungis aðstoð vegna framfærslu sem reyndar var helsta viðfangsefni hreppanna fyrr á öldum. Rauður þráður þjónustunnar væri tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúanna á grundvelli samhjálp.

Fjallað var um þrjú svið.

*Þróun fjárhagsaðstoðar og reglur sveitarfélaganna*

Hér tóku til máls Kristinn Karlsson félagsfræðingur á Hagstofu Íslands, Anný Ingimarsdóttir félagsráðgjafi og Ely A. Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri ráðgjafarsviðs Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Fram kom að fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna þrefaldadist á árabílinu 1985 til 1999 og var aukningin sérstaklega áberandi á árinu 1992. Fjárhagsaðstoð í Reykjavík sker sig úr allan áratuginn með mun hærri fjárhagsaðstoð á íbúa en önnur sveitarfélög. Einnig kom fram að ólíkar reglur sveitarfélaganna leiða til mismunandi fjárhæðar, m.ö.o. sami vandi en ólík aðstoð og getur munur milli sveitarfélaga verið umtalsverður.

*Félagsþjónusta á landsbyggðinni - ólíkar aðstæður*

Halldór Halldórsson bæjarstjóri á Ísafirði, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri Rangárvallahrepps og Gunnar Sandholt félagsmálastjóri í Sveitarfélaginu Skagafirði greindu frá aðstæðum í sínum sveitarfélögum. Framkvæmd þjónustunnar er mismunandi í þessum þremur sveitarfélögum en í öllum hefur átt sér stað þróun og uppbygging. M.a.

kom fram að „brjóstvitið reynist vel en kemur ekki í stað fagmennskunnar“.

*Hugmyndafræði og ólík sjónarmið að baki fjárhagsaðstoð*

Þetta viðfangsefni var tekið til umfjöllunar í erindum Vilborgar Oddsdóttur félagsráðgjafa hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, Unnar Ingólfsdóttur félagsmálastjóra í Mosfellsbæ og Sigríðar Jónsdóttur framkvæmdastjóra þróunarsviðs Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Í hnotskurn má segja að tvennt standi upp úr: Í Reykjavík er lögð áhersla á skýrar og gegnsæjar reglur um fjárhagsaðstoð og að fyrir liggja skýr réttur til aðstoðarinnar í stað einstaklingsbundins mats. Í Mosfellsbæ er á hinn bóginn lögð rík áhersla á einstaklingsbundna ráðgjöf og áætlun til lengri tíma og útgangspunkturinn að eftir þrjú mánuði verði aðstæður viðkomandi orðnar þannig að hann þurfi ekki á fjárhagsaðstoðinni að halda.

Niðurstaðan úr þessum erindum er líklega sú að mikilvægt sé að reglur og réttur séu skýr en samhliða sé veitt heildstæð einstaklingsmiðuð ráðgjöf.

Erindi fyrirlesaranna er að finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytis (felagsmalaraduneyti.is)